

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu og tekur til allra ótollafgreiddra vara. Vörur sem fengið hafa bráðabirgðatollafgreiðslu eða heimild verið veitt til tímabundins innflutnings eða útflutnings á fyrir gildistöku auglýsingar þessarar skulu þó tollafgreiddar samkvæmt þeim tollskrárnúmerum sem þá voru í gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. maí 2000.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 79

23. maí 2000

LÖG

**um breytingu á lögum um átaksverkefni um
framleiðslu og markaðssetningu vistvænna
og lífrænna afurða, nr. 27/1995.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður leggur átaksverkefninu til 25 millj. kr. á ári á fjárlögum árin 2000–2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.

Nr. 80

29. maí 2000

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 29. maí 2000.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.